

REGLUR

um kaup ríkisins á váttryggingum.

1. gr.

Reglur þessar skulu gilda um váttryggingar allra ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Það er meginsjónarmið þessara reglna, að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skuli ekki kaupa frjálsar tryggingar.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, hefur yfirumsjón með meðferð váttryggingarmála ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, eftir því, sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum er óheimilt að gera eða endurnýja váttryggingasamninga, nema með þeim undantekningum, sem í reglum þessum greinir.

3. gr.

Telji ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki, að það hafi sérstöðu og nauðsynlegt sé, að það kaupi ákveðnar tegundir váttrygginga, getur það sótt um undanþágu frá þessum reglum til fjármálaráðuneytisins, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem getur veitt undanþágu í einstökum tilvikum, að fenginni umsögn ráðuneytis viðkomandi stofnunar. Skal umsókn vera skrifleg og henni fylgja rökstuðningur stofnunar.

4. gr.

Verði tjón á þeim munum, sem falla úr tryggingum vegna þessara reglna, telst það vera í sjálfsáhættu viðkomandi stofnunar og greiðist af rekstrar- og framkvæmdafé hennar. Sé um að ræða stærra tjón en svo, að það verði greitt með þeim hætti, skal ráðuneyti stofnunar eða fyrirtæki sækja um aukafjárveitingu eftir venjulegum leiðum, til þess að bæta tjónið.

Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, tilnefnir skoðunarmenn, sem gefa skýrslu um tjón og skal skýrsla skoðunarmanns fylgja umsókn um bætur.

5. gr.

Sé um að ræða bótakröfur frá þriðja aðila á hendur ríkinu, einstakri ríkisstofnun eða fyrirtæki, skal tolla- og eignadeild fjármálaráðuneytisins fjalla um þau mál. Heimilt er þó fjármálaráðuneytinu að fela öðrum ráðuneytum eða ríkisstofnunum meðferð þeirra bótakrafna, sem leiða af starfsemi þeirra, enda mæli efnisrök með því.

Við uppgjör slíkra krafna skal fylgja meginsjónarmiðum 4. greinar.

6. gr.

Þessar reglur breyta í engu þeim reglum og venjum, sem gilda um skoðun opinberra aðila á vettvangi tjóns.

7. gr.

Reglur þessar gilda frá og með 1. júní 1974.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öllum gildandi váttryggingarsamningum öðrum en þeim, sem fjalla um lögskyldar tryggingar og þeim samningum, sem undantekning er gerð um síðar í þessari gr., skal sagt upp strax við gildistöku þessara reglna og þeir látnir falla niður, er núverandi gildistími þeirra rennur út.

Ákvæði þessara reglna ná ekki fyrst um sinn til gildandi samninga um ferða- og slysatryggingar á starfsmönnum ríkisins, sem gerðir hafa verið af Innkaupastofnun ríkisins og hún annast. Sama gildir um váttryggingasamninga, sem ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki hefur gert vegna ákvæða í kjarasamningum.

Ákvæði þessara reglna ná ekki, þar til öðruvísi verður ákveðið, til váttryggingasamninga eftirtalinna ríkisfyrirtækja:

- a) Áburðarverksmiðju ríkisins.
- b) Sementsverksmiðju ríkisins.
- c) Skipaútgerðar ríkisins, Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknastofnunar, að því er tekur til skipareksturs þessara stofnana.
- d) Ábyrgðartryggingar Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvalla.

Í fjármálaráðuneytinu, 24. apríl 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Gísli Blöndal.